



# Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 9. árgangur, 27. maí 2016

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

**Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!**

**Skólaslit vorið 2016 verða mánudaginn 6. júní sem hér segir:**

**Nemendur í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk** mæti á sal skólans kl. 11:00.

**Nemendur í 2., 4., 6. og 8. bekk** mæti á sal skólans kl. 13:00

Skólastjóri flytur stutt ávarp og að því búnu hitta nemendur umsjónarkennara, taka við vitnisburði og fara í gegnum námsmöppur með forráðamönnum sínum. Forráðamenn eru því beðnir um að mæta á skólaslitin með börnum sínum.

**Nemendur í 10. bekk** mæta kl. 17:00 þar sem verður útskrifarahöfn 10. bekkjar. Foreldrar mæta að sjálfsgöðu með en aðrir fjölskyldumeðlimir eru einnig velkomnir.



## Undurkæra skólasamfélag

Síðasta fréttabréf skólaársins geymir að venju upplýsingar um vorhátíð og skólaslit, starfsmannamál, umsjónarkennara næsta vetrar o.fl.

Dagskrá allra síðustu daga skólaársins er með hefðbundnu sniði þar sem við haldin er vorhátíð og vorþemadagar, kíkt í Kjarnaskóg og hristir saman nýir námshópar, allt eftir kúnstarinnar reglum. Og mánudaginn 6. júní setjum við svo endapunktinn við 7. starfsár Naustaskóla.

Þar sem þetta er síðasta fréttabréfið sem undirritaður sendir ykkur vil ég nota tækifærið og þakka fyrir samstarfið á undanförunum árum. Stofnun og fyrstu skref Naustaskóla hafa skipað stóran sess í mínu lífi undanfarin ár og verið krefjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt verkefni. Sannarlega hefur tíminn liðið hratt og virðist ekki langt síðan við settum skólann í fyrsta sinn. En nú geng ég stoltur frá borði í þeirri vissu að okkur hefur tekist að skapa góðan skóla sem er um margt framsækinn og í allra fremstu röð. Ég óska þess að framtíðin verði Naustaskóla björt og að skólasamfélaginu auðnist að viðhalda styrkleikum og sérkennum skólans til langrar framtíðar. Í góðu skólasamfélagi erum við öll sífellt að læra og ljóst er að ég tek með mér mikinn lærdóm en einnig hugarfylli af góðum minningum. Þær snúast um góðar og fallegar stundir í leik og starfi, stundum baráttu og vonbrigði eins og gengur, mun oft þó árangur og sigra, en fyrst og fremst góð og uppbyggileg samskipti við kæra félagi úr hópi nemenda, samstarfsfólks og foreldra. Gæfan geymi ykkur öll og skólann okkar - Naustaskóla!

Kærar kveðjur, Ágúst Jakobsson, skólastjóri

## Vorhátíð Naustahverfis 2016

Haldin fimmtudaginn 2. júní, í og við Naustaskóla

kl. 16:15 - 19:00

### Opið hús í Naustaskóla

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
  - Kaffi / djús / mjólk og vöffur
  - Fullorðnir / unglingar 500 kr.
  - 6-12 ára 300 kr.
- Tombóla – 100 kr. miðinn
- Spákona



Allir velkomnir!!

### Afþreying í boði

- Andlitsmálning
- Hoppukastalar
- Prautabraut
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Kubbb, boccia o.fl. leikir
- Grillaðar pylsur - ókeypis :)

29.	30. Mexíkóskur hakk-réttur, kartöflustappa og gúrka. Ávextir. <b>VORÞEMA</b>	31. Plokkfiskur, salatbar og rúgbrauð. Ávextir. <b>VORÞEMA</b>	1. júní Grísnitsel, kartöflur, maísbaurir, sveppasúsa og salat. Ávextir.	2. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón og rifnar gulrætur. Ávextir. <b>VORHÁTÍÐ</b>	3. Blómkálssúpa, brauð og salatbar. Ávextir. <b>Dagur nýrra námshópa</b>	4.
5.	<b>Skólaslit mánudaginn 6. júní</b> Kl. 11:00 hjá 1, 3, 5, 7, 9. bekk Kl. 13:00 hjá 2, 4, 6, 8. bekk Kl. 17:00 hjá 10. bekk		<b>Með ósk um gott sumar!</b> <i>Skólastarf að loknu sumarleyfi hefst aftur með skólasetningu mánudaginn 22. ágúst 2016</i>			

## Umsjónarkennarar næsta vetur:

**1. bekkur:** Gréta Björk, Kristín S. og Sunna

**2.-3. bekkur:** Berglind, Elín Hulda, Kolbrún og Lilja

**4.-5. bekkur:** Kristín M., Sigríður Jóna, Stefán Smári og Póra Ýr

**6.-7. bekkur:** Andri, Heimir Örn og Særún

**8.-10. bekkur:** Aníta, Atli, Árni Hrólfur, Ása Katrín, Björn og Magnús

*Skipting umsjónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði.*

## Um námsmat

Á skólaslitum fá nemendur afhent námsmat fyrir skólaárið. Þar er um mismunandi útfærslu að ræða eftir því hvort um er að ræða lokamat í 10. bekk eða námsmat í öðrum árgöngum.

10. bekkur fær nú í fyrsta sinn námsmat í bókstöfum á kvarðanum A-D í samræmi við matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla. Nemendur annarra árganga fá hins vegar námsmat með svipuðu sniði og síðustu vor. Í þetta sinn prentum við einungis út og afhendum umsögn umsjónarkennara en vísam að öðru leyti á upplýsingar sem nálgast má í gegnum fjölskylduvef mentor, en þar er um að ræða yfirlit yfir stöðu nemandans miðað við þau námsmarkmið sem fengist hefur verið við. Þar að auki má á mentor nálgast upplýsingar um ástundun, útkomu úr ýmsum prófum, lestrarhraða o.fl. en þetta má finna í verkefnabók nemenda á vefnum. Þá er rétt að minna á að fjöldi matsverkefna og upplýsinga safnast saman í matsmöppur nemenda sem gott er að rýna í og skoða með nemendum sjálfum til að glöggva sig á stöðunni og setja ný viðmið fyrir framtíðina. Í raun má segja að í nútíma skóla sé námsmat orðið svo fjölbreytt að útilokað sé að gera því fullnægjandi skil á einu stöðluðu vitnisburðablaði og við erum því að nýta nokkrar leiðir til að koma upplýsingunum á framfæri. Við biðjum foreldra um að fylgja nemendum á skólaslitin því að þar verður boðið upp á möppuskoðun en þar gefst einnig tækifæri til að hitta umsjónarkennara og spyrja út í eða ræða hvaðeina sem foreldrum eða nemendum liggur á hjarta.

## Innkaup námsgagna

Skólinn mun sem fyrr annast innkaup á öllum námsgögnum fyrir nemendur fyrir haustið, nema því sem tilheyrir pennaveskjum nemenda í 8.-10. bekk. Við birtum nánari upplýsingar um þetta á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rukkað inn gjald fyrir námsgögnin. Líklegt er að gjaldið liggja á bilinu 4500-5000 kr. en það liggur ekki endanlega fyrir fyrr en tilboða hefur verið aflað..

## Starfsmannamál


Ljóst er að nokkuð verður um breytingar á starfsliði skólans milli skólaára. Ráðnir hafa verið tveir nýir kennarar að skólanum fyrir haustið en það eru Bryndís Indíana Stefánsdóttir og Heimir Örn Árnason. Eftir er að ráða kennara í tónmennt og heimilisfræði en þau störf eru í auglýsingu. Þórunn Íþróttakennari mun snúa aftur úr fæðingarorlofi, Særún og Kristín kennarar snúa til baka úr veikinda-leyfum en Heiða Björg stuðningsfulltrúi er farin í fæðingarorlof. Guðrún Inga Hannesdóttir og Gyða Björk Aradóttir kennarar hyggjast fara í leyfi næsta vetur en Dögg Stefánsdóttir kennari sem verið hefur í leyfi þetta skólaár snýr ekki aftur inn í fast starf við skólann. Og svo eru nokkrir starfsmenn að hætta sem starfað hafa mislengi við skólann, sumir fastráðnir en aðrir í afleysingum. Þetta eru Aðalheiður Reynisdóttir iðjuþjálf, Alexander Gunnarsson stuðningsfulltrúi, Almar Vestmann skólaliði, Anna Karín Lárusdóttir skólaliði, Ágúst Jakobsson skólastjóri, Brynja Elín Birkisdóttir tónmenntakennari, Elfar Árni Aðalsteinsson kennari, Emilía Jóhanna Guðjónsdóttir kennari, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir kennari, Halla Björg Davíðsdóttir þroskaþjálf, Harpa Hrönn Gunnarsdóttir skólaliði, Helga Valdís Andersen stuðningsfulltrúi, Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir kennari og Sandra Ósk Sigurgeirsdóttir skólaliði.

Eftir er að auglýsa störf skólaliða og stuðningsfulltrúa og svo er enn óráðið í starf skólastjóra Naustaskóla en niðurstöðu í því máli er að vænta nú um mánaðamótin.

Um leið og við bjóðum nýtt fólk velkomið í hópinn kveðjum við þá sem fara og þökkum þeim fyrir gott samstarf og vel unnin störf!

## Sumarlestur fyrir 3.-4. bekk

Sumarnámskeiðið **Sumarlestur – Akureyri bærinn minn** er haldið í júní ár hvert og verður svo einnig á komandi sumri. Að námskeiðinu standa Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri í samstarfi við aðrar menningarstofnanir bæjarins. Námskeiðin eru 7.-10.júní, 13-16.júní og 20.-23.júní (4 daga námskeið)



Sumarlestur er lestrarhvetjandi námskeið fyrir börn í 3. og 4. bekk, með áherslu á menningu og sögu Akureyrar. Rauði þráður námskeiðsins er lestur. Þá er bæði átt við bóklestur en einnig læsi á umhverfið. Lesið verður í minjar og sögu, list og náttúru. Þannig er lesið í lífið og tilveruna alla námskeiðsdagana og jafnvel lengur því vonandi fylgir börnunum áfram sú meðvitund sem vaknar varðandi umhverfi þeirra og sögu.

Undir leiðsögn safnfræðslufulltrúa kynnst börnin starfsemi Amtsbókasafnsins, Minjasafnsins og annarra menningarstofnanna. Börnin kynnst starfsemi sinni sem þarna fer fram í samhengi við markmið námskeiðisins.

Skráning hófst miðvikudaginn 25.maí.

Sé frekari upplýsinga óskað má hafa samband við safnfræðslufulltrúa Minjasafnsins á Akureyri, Rögnu Gestsdóttur á Minjasafninu á Akureyri á netfanginu [ragna@minjasafnid.is](mailto:ragna@minjasafnid.is)